

árásar Karls Sævars, þar sem hann er sagður hafa rist fyrir á enni manns með hnífi. Auk þess hefur lögregla alloft þurft að hafa afskipti af Karli Sævari vegna ölvunar hans og óspekta.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og gögnum þeim, sem iögð hafa verið fram í sakadómi í dag, má ætla, að Karl Sævar hafi gerst sekur um refsiverða hegðun. Verður og að ætla, að hann geti verið hættulegur umhverfi sínu, en mál hans þarfnast mun frekari rannsóknar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með vísan til 1., 5. og 6. töluliðs 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir nauðsyn til bera að úrskurða Karl Sævar Baldvinsson í allt að 30 daga gæsluvarðhald. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinna eru úrskurði þessum eigi til fyrirstöðu.

Því úrskurðast:

Karl Sævar Baldvinsson sæti gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Föstudaginn 1. júlí 1977.

Nr. 18/1976. **Sjóli h/f**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Söllu Sigmarsdóttur persónulega  
og f. h. ófjárráða dætra hennar,  
Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson,  
Sævari Þór Carlsson og  
Lilju Jakobsdóttur f. h. ófjárráða  
dóttur hennar, Drífu Leonsdóttur,  
og gagnsök**

(Haukur Jónsson hrl.).

Skaðabótamál. Dánarbætur. Sjóveðréttur. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1976. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda en til vara lækkunar á kröfum þeirra. Þá krefst hann þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 23. febrúar 1976. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim þessar fjárhæðir:

Söllu Sigmarsdóttur sjálfri 8.278.093 krónur, vegna Grétu Carlsson 1.175.956 krónur og vegna Jóhönnu Carlsson 1.393.366 krónur.

Sævari Þór Carlsson 1.000.000 krónur.

Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur 1.393.366 krónur.

Þá krefjast gagnáfrýjendur 7% ársvaxta af fjárhæðum þessum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvaxta frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Enn krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda hæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Loks krefjast gagnáfrýjendur, að viðurkenndur verði sjöveðréttur í m/s Gísla Arna, RE 375, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

## I.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega fallast á, að aðaláfrýjandi beri ábyrgð á tjóni gagnáfrýjenda.

Eins og rakið er í héraðsdómi, færðu skipstjórnarmenn skipið til við bryggjuna í samráði við Leon heitinn. Til þess að framkvæma flutninginn var skrúfa skipsins tengd, og hlaut Leon að vera það ljóst sem lærðum og vönum skipstjórnarmanni. Við það verður að miða, að hann hafi stokkið í sjóinn til köfunar, áður en skrúfunni var skipt frá og hún stöðvuð. Eins og atvikum var háttað, bar honum sem þau vönnum manni að ganga úr skugga um, að skrúfan hefði

verið stöðvuð, áður en köfun hófst. Þar sem hann gætti þessa ekki, verður að telja hann sjálfan eiga nokkra sök á slysinu.

Þegar framanritað er virt, þykir hæfilegt að leggja 3/4 hluta fébótaábyrgðar vegna slyss þessa á aðaláfrýjanda, og ber honum að bæta tjón gagnáfrýjenda að þeim hluta.

## II.

Fyrir Hæstarétti hafa gagnáfrýjendur sundurliðað kröfur sínar á sama hátt og í héraði, og eru þær studdar sömu gögnunum.

1. Kröfur Söllu Sigmarsdóttur:  
Rétt þykir að láta sitja við mat héraðsdóms á tjóni þessa gagnáfrýjanda.
2. Kröfur Söllu Sigmarsdóttur vegna Grétu Carlsson:  
Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir tjón hennar hæfilega metið í héraðsdómi 250.000 krónur.
3. Kröfur Söllu Sigmarsdóttur vegna Jóhönnu Carlsson:  
Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir tjón hennar hæfilega metið í héraðsdómi 300.000 krónur.
4. Kröfur Sævars Þórs Carlsson:  
Samkvæmt því, sem fram er komið í málflutningi fyrir Hæstarétti, þykir mega ætla, að Sævar Þór, sem stundað hefur iðnnám, hefði notið nokkurs stuðnings frá föður sínum, ef hans hefði notið við. Þykir mega láta sitja við úrlausn héraðsdóms um rétt hans til bóta og um fjárhæð þeirra.
5. Kröfur Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur:  
Fyrir Hæstarétti er ekki vefengt, að Drífa Leonsdóttir eigi rétt til nokkurra bóta vegna fráfalls föður síns, verði fébótaskylda mæld á hendur aðaláfrýjanda. Tjón hennar verður metið 200.000 krónur.

Með vísan til þess, sem að framan hefur verið rakið, ber að dæma aðaláfrýjanda, sem hefur lýst því yfir hér fyrir dómi, að hann beri ekki fyrir sig ákvæði 206. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1968, til að greiða gagnáfrýjendum 3/4 hluta tjóns þeirra vegna slyssins. Verður honum

því dæmt að greiða Söllu Sigmarsdóttur sjálfri 2.325.000 krónur, vegna Grétu Carlsson 187.500 krónur og vegna Jóhönnu Carlsson 225.000 krónur. Þá ber aðaláfrýjanda að greiða Sævari Þór Carlsson 93.750 krónur og Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur 150.000 krónur.

Fjárhæðir þessar ber aðaláfrýjanda að greiða ásamt 7% ársvöxtum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 775.000 krónur til Söllu Sigmarsdóttur sjálfar og vegna Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson, 30.000 krónur til Sævars Þórs Carlsson og 45.000 krónur til Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur.

Framangreint slys varð, er verið var að færa m/s Gísla Árna, svo sem áður er greint. Samkvæmt 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 eiga gagnáfrýjendur sjóveðrétt í m/s Gísla Árna, RE 375, til tryggingar fjárhæðum þessum.

#### D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Sjóli h/f, greiði gagnáfrýjanda Söllu Sigmarsdóttur sjálfri 2.325.000 krónur, vegna Grétu Carlsson 187.500 krónur og vegna Jóhönnu Carlsson 225.000 krónur, allt með 7% ársvöxtum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo samtals 775.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Sævari Þór Carlsson 93.750 krónur með 7% ársvöxtum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo 30.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur 150.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 45.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur eiga sjóveðrétt í m/s Gísla Árna, RE 375, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

#### Ármanns Snævarrs hæstaréttardómara.

##### I.

Ég tel með skírskotun til forsendna héraðsdóms, að leggja beri óskipta fébótaábyrgð vegna tjóns þess, sem um er fjallað í málinu, á aðaláfrýjanda.

##### II.

Ég er sammála dómi meiri hluta dómara um ákvörðun á tjóni gagnáfrýjenda, sem aðaláfrýjanda ber að bæta þeim að fullu samkvæmt framansögðu.

Ég er enn fremur sammála dómi meiri hluta dómara um ákvörðun vaxta og um sjóveðrétt.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti svo sem hér segir:

1. Söllu Sigmarsdóttur sjálfri og vegna Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson 850.000 krónur.
2. Sævari Carlsson 40.000 krónur.
3. Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur 60.000 krónur.

#### Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. desember 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., höfðuðu Salla Sigmarsdóttir, Faxatúni 9, Garðahreppi, fyrir sig og fyrir hönd ófjár-

ráða barna sinna, Sævars Þórs Carlsson, Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson, einnig til heimilis að Faxatúni 9, Garðahreppi, og Lilju Jakobsdóttir, Sundstræti 23, Ísafirði, fyrir hönd ófjárráða dóttur, Drífu Leonsdóttur, s. st., gegn Sjóla h/f hér í borg til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 10.184.174 auk 9% ársvaxta frá 24. febrúar 1973 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Einnig er krafist staðfestingar á sjóveðrétti í m/s Gísla Árna, RE 375, eign Sjóla h/f, til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum í málinu.

Með stefnu, útgefinni 17. september 1975, höfðuðu stefnendur framhaldssök. Sævar Þór Carlsson var þá orðinn fjárráða, og hefur hann því tekið við forræði málsins fyrir sig.

Eru dómkröfur stefnenda í framhaldssök þær, að Sjóli h/f verði dæmdur til að greiða stefnendum kr. 3.095.609 auk 7% ársvaxta frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum af kr. 13.279.783 frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar í framhaldssök að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. — Þá er og krafist staðfestingar á sjóveðrétti í m/s Gísla Árna, RE 375, eign Sjóla h/f, til tryggingar öllum dæmdum kröfum í framhaldssök.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að dómkröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina að hluta. Þá er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tryggingu h/f hefur verið stefnt til réttargæslu í málinu, en ekki eru gerðar kröfur á hendur félaginu. Af þess hálfu eru ekki gerðar kröfur í málinu.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 0600 laugardaginn 24. febrúar 1973 kom m/s Gísli Árni til hafnar í Reykjavík. Töldu skipstjórnarmenn, að skipið hefði orðið fyrir hnjaski neðansjávar, sem valdið hefði skemmdum, er leiddu til þess, að nótin vildi festast, en skipið stundaði veiðar á loðnu. Var Leon Carlsson fenginn til að kafa við skipið og skoða botn þess. Mun Leon hafa komið að skipinu um kl. 0830—0900 um morguninn, en þá lá skipið við enda Grandabryggju. Kafaði Leon þarna við skipið, en mun ekki hafa fundið neinar skemmdir í skipinu neðansjávar við þá athugun. Var síðan ákveðið að færa skipið suður fyrir bryggjuhornið til að fá betri birtu. Er

skipið hafði verið fært suður fyrir hornið, kafaði Leon á ný. Er það dróst, að Leon kæmi upp á yfirborðið á ný, var lögreglan kvödd á vettvang og froskmenn fengnir til aðstoðar. Kl. 1125 voru rannsóknarlögreglumenn til kvaddir, en er þeir komu á vettvang stuttu síðar, hafði lík Leons fundist. M/s Gísli Árni er eign Sjóla h/f. Hafa eftirlifandi eiginkona Leons heitins, Salla Sigmarsdóttir, fyrir sig og ófjarráða dætur þeirra, Grétu og Jóhönnu, sonur þeirra Sævar Þór og Lilja Jakobsdóttir f. h. ófjarráða dóttur sinnar og Leons, Drífu, höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna andláts Leons. Eru kröfur aðiljanna sundurliðaðar í gögnum málsins, og verður síðar gerð nánari grein fyrir þeim.

Rannsóknarlögreglan tók skýrslur af vitnum. Einnig fór fram sjópróf út af atburðinum. Þá hafa vitni komið fyrir dóm í málinu.

Verða nú framburðir þessir raktir.

Eggert Gíslason, skipstjóri á m/s Gísla Árna, hefur skýrt svo frá, að er skipið hafi verið á leið frá Grindavík 22. febrúar, hafi komið mikið högg á stjórnborðssíðu þess, að því er virtist. Er nótin hafi verið dregin inn við veiðar daginn eftir, hafi hún fest nokkrum sinnum undir bátnum stjórnborðsmegin undir nótakassa og rifnað dálítið. Kveðst Eggert síðan hafa haft samband við Júlíus Ingibergsson, útgerðarstjóra skipsins, og beðið hann að útvega aðstöðu fyrir skipið í slipp. Er það hafi ekki fengist, hafi þeim komið saman um, að Júlíus útvegaði kafara til að athuga skipið. Eggert kveður skipið hafa komið til Reykjavíkur kl. 0600 umræddan dag og kveðst þá strax hafa farið frá borði. Því hafi hann ekki verið nærstaddur, er atburður sá varð, sem fjallað er um í málinu. Kveðst Eggert hafa tekið það sérstaklega fram við 2. stýrimann, Stefán Árna Sigurðsson, áður en hann, þ. e. Eggert, yfirgaf skipið um morguninn, að fylgjast vel með kafaranum. Ekki kveðst Eggert muna, hvort hann hafi rætt köfunina sérstaklega við Árna 1. stýrimann. Kveðst hann ekki muna eftir að hafa gefið fyrirmæli um að stöðva vélina, á meðan kafað væri, en sjálfur kveðst hann mundu hafa stöðvað vél skipsins, á meðan kafað var, ef hann hefði verið um borð. Eggert kveður stjórnþæki fyrir vél og skrófu skipsins á stjórn-palli vera þannig, að á litlum kassa stjórnborðsmegin við miðju séu þrjú handföng. Handfang til að kúpla að og frá fyrir miðju. Vínstra megin við það handfang fyrir olíugjöf, en hægra megin handfang fyrir skrófuskiptingu. Eggert kveður það svo hafa verið milli kl. 1030 og 1100 sem tveir menn hafi sótt sig heim. Er hann kom um borð, kveðst hann hafa séð, að kúplingsstöngin var frá-

kúpluð og bundin í þeirri stöðu með nælonþræði. Hann kveður slíkan nælonþráð ekki vera á stönginni, þegar hún sé notuð. Ekki kveðst hann muna, hvort aðalvél skipsins var í gangi. Kveður hann nauðsynlegt að líta á mæla til að sjá, hvort aðalvél sé í gangi ásamt ljósavél eða til að sjá, hvor vélin sé í gangi. Eggert kveður sér hafa verið sagt, er hann kom um borð, að kafarinn hefði beðið um, að kúplingsstöngin yrði bundin föst, á meðan hann kafaði, en kveðst ekki muna, hver hafi sagt sér það. Kveðst hann telja ólíklegt, að það hafi verið 1. stýrimaður, því að hann hafi verið miður sín. Eggert kveðst aldrei hafa orðið var við, að kúplingin virkaði ekki. Hann kveðst aldrei hafa séð það í vélar-rúmi skipsins, hversu langur tími líður frá því að kúplað er frá og þar til skrúfan stöðvast, en hann kveður það reynslu sína, að kúplingin svari mjög fljótt, svo til samstundis. Kveðst hann aldrei hafa fengið nótina í skrúfunu vegna þess, að ekki hafi kúplast nógu fljótt frá. Eggert kveður nokkrum sinnum hafa verið kafað við skip sitt í sinni skipstjóratið og kveðst ekki vita til þess nema í eitt skipti annað, að vél hafi ekki verið stöðvuð. Hann kveður ekki nauðsynlegt að hafa aðalvél skipsins í gangi, á meðan landað er, því spildæla sé við ljósavél.

Árni Guðmundsson, sem verið hefur 1. stýrimaður á m/s Gísla Árna frá því í marsmánuði 1966, hefur skýrt svo frá, að skipið hafi komið með fullfermi af loðnu til Reykjavíkur um kl. 0600 umræddan dag. Búið hafi verið að biðja um froskmann til að skoða skipið neðansjár, því að nótin hafi rifnað tvisvar, er hún var tekin inn með kraftblökkinni, sem er stjórnborðsmegin. Skipið hafi rekist á eitthvað, þegar farið var úr Grindavíkurhöfn nokkrum dögum áður, og hafi verið talið, að veltikjölur skipsins hefði skemmst og valdið tjóninu á nótinni. Kveðst Árni telja, að Júlíus Ingibergsson útgerðarstjóri hafi verið beðinn að útvega kafara til að framkvæma skoðunina. Hann kveður skipstjóran, Eggert Gíslason, hafa verið farinn frá borði, en flestir aðrir af áhöfn skipsins muni hafa verið um borð. Ekki kveðst Árni hafa vitað, hvenær kafarinn mundi koma, og ekki kveðst hann hafa fengið sérstök fyrirmæli í sambandi við köfunina. Árni kveður skipið hafa lagst að Norðurgarðinum fyrst um morguninn og hafi þar verið landað á nokkra bíla, en síðan hafi skipið verið flutt að enda Grandabryggju og hafi það legið þar, er Leon Carlsson kom að því kl. 0830—0900. Hann kveður Leon hafa komið í bifreið og verið í froskmansbúningi. Árni kveður Júlíus Ingibergsson einnig hafa verið þarna. Hann kveður Leon hafa

spurt, hvort hann, þ. e. Árni, ætti að taka við skilaboðum um það, hvað athugun hans leiddi í ljós. Kveðst Árni hafa sagst geta það. Árni kveður skipið hafa legið með stjórnborðssiðu að bryggju og bundið að framan, svo að það gæti ekki sigið að, en það hafi verið frá bryggju að aftan. Hafi landfestar verið leystar að aftan, til að afturendinn væri lengra frá bryggjunni og Leon hefði meira svigrúm. Árni kveðst muna það greinilega, að hann hafi spurt Leon að því, er hann kom að skipinu um morguninn, hvort hann vildi láta drepa á vél skipsins, en hann hafi svarað, að það væri alveg óþarfi eða eitthvað með þeim orðum. Um leið kveðst Árni hafa bent Leon á, hvaða svæði á síðu skipsins þyrfti að athuga, en Árni kveðst hafa haft það alveg í huganum, hvar festan á síðunni væri. Kveðst hann hafa bent á svæði undir blökkinni og hafi svæðið ekki verið stærra en það, að það hafi ekki getað skakkað nema 1—1.5 m. Ekki kveður Árni Leon hafa óskað eftir því, að lína væri fest í hann, og hafi hann því verið alveg laus, er hann kafaði þarna. Ekki kveðst Árni muna, hvort Leon hafi spurt sig að því, áður en hann hóf köfunina, hvort skrífa skipsins væri frátengd, en hann kveðst telja, að hann hafi gefið honum merki um, að óhætt væri að kafa með því að tala til hans, en Leon hafi þá staðið á bryggjukantinum. Árni kveður Leon ekki hafa komið um borð í skipið, áður en hann hóf köfunina, heldur stokkið beint í sjóinn. Árni kveður Júlíus Ingibergsson hafa hlýtt á samtal sitt og Leons. Árni kveður Júlíus hafa komið með þá hugmynd að binda kúplingsstöngina fasta, á meðan kafað var þarna fyrst. Hafi annar hvor þeirra bundið stöngina eða þeir hafi hjálpast að við það. Hafi verið bundið utan um stöngina sjálfa og síðan hafi verið bundið fast við takka, sem er á kassanum með stjórnstækjunum. Ekki kveðst Árni muna til þess, að þeir Leon hafi rætt um, að er hann kafaði í upphafi, hvort binda ætti kúplingsstöngina fasta. Ekki kveðst Árni minnst, að aðrir væru þarna í brúnni en hann og Júlíus, en Júlíus hafi ekki verið við skipið allan tímann, sem köfun stóð, því að hann hafi brugðið sér frá. Kveðst Árni ekki geta tímasett það nánar. Árni kveður Leon nú hafa kafað þarna tvisvar stjórnborðsmegin við skipið og hafi hann verið í froskmannsbúningi með súrefnistæki, einn kút. Kveðst Árni hafa staðið á brúarvængnum og horft á Leon og séð loftbólur koma upp. Hann kveður Leon hafa verið stutt niðri í hvort skipti og hafi hann sagt, að ekki væri nægjanlegt skyggni. Þeim hafi komið saman um að færa skipið fyrir hornið á bryggjunni, svo að sólskinið gæti

lýst upp stjórnborðssiðu skipsins. Árni kveður skipið búið skipti-skrúfu, sem knýi skipið áfram og aftur á bak, en einnig geti hún snúist átakalaust. Hann kveður lágmarkssnúningshraða vélarinnar vera um 200 snúninga á mínútu. Hann kveður vél skipsins hafa verið í gangi og kveðst hafa tengt skrúfuna við vélina til að færa skipið fram og fyrir bryggjuhornið. Kveður hann snúningshraðann hafa getað farið í 230 snúninga á mínútu, á meðan skipið var fært. Árni kveður Leon hafa farið niður í matsal skipsins, á meðan skipið var fært, en hann hafi þurft að koma upp í brúna til að komast niður í matsalinn og einnig hafi hann þurft að fara sömu leið til baka, því að aðrir gangvegir hafi verið lokaðir. Ekki kveðst Árni hafa rætt við vélstjóran um sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að skrúfa skipsins yrði tengd við vélina í vélarrúmi þess. Hann kveður dálítið illa hafa gengið að binda skipið, er það hafði verið fært. Það hafi verið bundið að aftan á móts við brúna, en klaki hafi verið á skipspollanum og hafi tekið óeðlilega langan tíma að brjóta hann af, svo hægt væri að binda skipið. Árni kveður það svo hafa verið um það bil sem lokið var við að binda skipið að aftan, að Leon hafi komið úr matsalnum og upp í brú og beðið sig að bretta vettlinginn á annarri hendinni yfir ermina. Kveðst Árni hafa gert það, en ekki hafi þeir talast annað við. Árni kveðst telja, að einhverjir aðrir hafi verið þarna í brúnni, m. a. hafi Óskar vélstjóri verið að tala við Leon almennt um köfun, en svo hafi hann spurt Leon, hvort ekki væri rétt að líta á skrúfu skipsins í leiðinni. Kveðst Árni þá hafa sagt, að það þyrfti alls ekki að gera. Árni kveður ekki hafa verið búið að kúpla frá, en ekki kveðst hann hafa sagt Leon frá því. Hafi hann talið, að Leon hefði séð það, því að þeir hafi staðið við stjórnþækin fyrir skrúfuna. Ekki kveðst Árni muna, hvernig búnaður Leons var þarna að öðru leyti en því, að hann hafi verið í kafarabúningi. Ekki kveðst Árni hafa veitt því at-  
hygli, hvar Leon fór út úr brúnni. Telur Árni, að það hafi verið mjög stuttu eftir þetta sem hann hafi kúplað skrúfunni frá vél-  
inni, en það hafi hann gert, þegar hann hafi séð, að hásetarnir voru búnir að binda skipið að aftan. Kveðst Árni hafa staðið ná-  
lægt kassanum með stjórnþækjunum, á meðan hann beið eftir því, að lokið væri við að binda skipið. Hafi hann séð úr glugg-  
anum til mannanna, sem voru að binda skipið að framan, og út um dyrnar til mannanna, sem voru að binda skipið að aftan. Árni kveðst hafa vitað, að Leon væri að búa sig undir að kafa  
að nýju, er hann lagaði vettlinginn á hendi hans, en að öðru

leyti kveðst hann ekki geta sagt um, hvað hann hafi talið Leon ætla að fara að gera. Á meðan skipið var fært fyrir bryggjuhornið, kveður Árni áframskurð hafa verið á skrúfunni, en mismunandi mikinn, en þegar búið hafi verið að færa skipið, hafi skrúfan verið á minnsta framdrifi til að halda skipinu að bryggju, á meðan það var bundið. Árni kveðst sjálfur hafa kúplað frá, eftir að búið var að binda skipið, en ekki kveðst hann þá hafa bundið kúplingsstöngina fasta. Kveðst hann alltaf beita þeim handbrögðum, þegar hann kúplar frá, að stilla skrúfuskjortinguna á „0“ og síðan kúpla frá. Kveðst hann telja, að skrúfan hafi stöðvast hér um bil strax eða mjög fljótlega eftir að kúplað hafi verið frá. Ekki hefur Árni treyst sér til að segja til um það, hversu langur tími leið, frá því hann lagaði vettlinginn á hendi Leons og þar til farið var að athuga ástand hans í sjónum. Árni kveðst ekki hafa orðið var við, að Leon væri rétt handlugt um borð í skipið. Árni kveður venjulega landað með aðalvél í gangi, þótt hægt sé að landa með spildælu frá ljósavél. Ekki hefur Árni treyst sér til að segja til um það, hvenær hann hafi síðast sofið, áður en komið var til Reykjavíkur.

Júlíus Ingibergsson, útgerðarstjóri stefnda, kveðst að beiðni skipstjóra skipsins hafa útvegað froskmann til að athuga, hvort skemmdir hefðu orðið á skipinu, er það fékk á sig högg við siglingu úr Grindavíkurhöfn nokkru áður. Kveður hann skipstjórann hafa beðið sig um þetta, er skipið var á leið til hafnar. Kveður hann ekkert annað hafa farið þeim í milli um köfunina. Júlíus kveðst einu sinni áður hafa útvegað kafara til að kafa við skipið og hafi hann þá einnig fengið Leon til þess verks. Júlíus kveður Leon hafa komið á eftir sér niður á bryggju þennan morgun. Skipið muni þá hafa legið við Norðurgarðinn, en ekki hafi verið kafað þar. Skipið hafi síðan verið fært að austurkanti Grandabryggju. Júlíus kveður Árna 1. stýrimann hafa skýrt Leon frá því, að eitthvað hefði komið við síðu skipsins. Mundi eitthvað hafa aflagast á síðunni við það, því nótin hefði rifnað. Hafi Árni beðið Leon að athuga það. Júlíus kveður þá Leon, Árna og Stefán 2. stýrimann hafa rætt um að setja niður stiga og belgi við síðu skipsins og hafi Stefán gert það. Að því loknu hafi Leon sagt það ágætt. Júlíus kveðst hafa verið í brúnni, þegar Leon kafaði fyrst. Hann kveður Árna 1. stýrimann áður hafa spurt Leon að því, hvort stöðva þyrfti vélina, á meðan hann kafaði, og hafi Leon svarað því neitandi. Kveðst Júlíus þá hafa bundið kúplingsstöngina fasta í frákúplaðri stöðu og staðið við

stöngina þannig til öryggis. Kveðst hann hafa bundið um hnúðinn á stönginni með heftingargarni og síðan bundið stöngina fasta við endastoppstaut á olúgjöfinni, þannig að stöngin hreyfðist ekki. Kveðst Júlíus hafa staðið við stöngina, á meðan kafað var þarna. Júlíus kveður Leon svo hafa talið, að betra væri að færa skipið, svo að skugga bæri ekki á, og hafi skipið síðan verið fært. Júlíus kveðst nú hafa þurft að fara frá til að sinna ýmsum erindum fyrir útgerðina og hafi hann verið nokkuð lengi í burtu. Hann kveður búið hafa verið að færa skipið, þegar hann kom aftur, og eftir því sem hann hafi best getað séð, hafi skipverjar verið að ganga frá að binda skipið. Kveður hann Árna 1. stýrimann hafa komið á móti sér og sagt, að eitthvað hræðilegt hefði komið fyrir, því hann sæi ekki kafarann. Um hálf klukkustund væri liðin frá því vart hefði orðið við kafarann og því þyrfti að gera eitthvað. Kveðst Júlíus strax hafa farið í síma í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands, sem þarna sé á bryggjunni, hringt í lögregluna og beðið um aðstoð kafara strax. Kveðst Júlíus hafa séð, er hann kom upp í brú eftir þetta, að kúplingsstöngin hafi verið í frákúplaðri stöðu. Hann hafi hins vegar ekki veitt því athygli, hvort hún var bundin, þar sem hann hafi haft í mörgu að snúast og stansað stutt í brúnni.

Stefán Árni Sigurðsson, 2. stýrimaður á m/s Gísla Árna, kveður skipstjóran hafa sagt sér, að kafa ætti við skipið, er það kæmi til hafnar umræddan morgun, og hafi hann beðið sig að setja niður stiga við stjórnborðssíðu skipsins og setja belgi við síðu skipsins, svo að það héldist frá bryggju. Hann kveðst svo hafa sett niður stiga við stjórnborðssíðuna og belgi, en skipið hafi legið við enda Grandabryggju með stjórnborðssíðu að bryggju. Stefán kveður það fyrsta, sem hann muni eftir Leon þarna, vera það, að hann hafi aðstoðað hann við að fara niður stigann. Stefán kveðst hafa verið við, á meðan Leon kafaði þarna, en er hann kom upp, hafi hann sagt, að hann fyndi ekkert athugavert við síðu skipsins. Stefán kveður Leon hafa sagst fara upp í brú til að hlýja sér, en ekki kveður hann Leon hafa rætt við sig um skilyrði til köfunar eða að hann mundi kafa aftur. Stefán kveður Leon nú hafa farið upp í brú og hafi það verið það síðasta, sem hann hafi séð til Leons. Stefán kveðst nú hafa farið við annan mann upp í skemmu við hliðina á húsi Slysavarnafélags Íslands til að sækja timbur, sem nota hafi átt til viðgerðar á háfgrind á þilfari. Er hann kom niður á bryggju aftur, kveður hann búið hafa verið að færa skipið fyrir hornið á bryggjunni

og hafi menn verið frammi á hvalbak að binda. Ekki kveðst Stefán hafa tekið eftir mönnum aftur á skipinu við að binda það, en hann hafi séð margt fólk standa á horninu á bryggjunni. Kveðst hann síðan hafa farið beint um borð í skipið með efnið, en síðan hafi hann heyrt, að eitthvað hefði komið fyrir í sambandi við köfunina. Stefán kveður sér ekki hafa verið kunnugt um það, áður en hann fór að sækja efnið, að færa ætti skipið.

Óskar Árnason, vélstjóri á m/s Gísla Árna, kveður högg hafa komið á skipið, er það var á leið úr Grindavíkurhöfn tveimur dögum áður. Þegar skipverjar hafi svo orðið varir við, að nótin festist á síðu skipsins, er það var komið á miðin, hafi verið talið, að veltikjölur skipsins kynni að hafa laskast. Því hafi verið ákveðið að fá froskmann til að athuga botn skipsins. Óskar kveður skipið hafa legið við endann á Grandabryggju með stjórnborðssiðu að. Kveðst hann hafa vitað, að kafarinn var kominn, og í því að hann hafi komið upp í brú úr vélarrúmi skipsins, hafi hann séð kafarann kasta sér í sjóinn af bryggjunni. Hann kveður kafarann hafa verið stutt í kafi og hafi hann ekki fundið neinar skemmdir, enda hafi hann sagt birtu í sjónum slæma. Óskar kveður skipið hafa verið frá að aftan, á meðan kafað var þarna, og vél skipsins í gangi, en skrufan hafi verið frátengd. Óskar kveður skipið nú hafa verið fært fyrir bryggjuhornið og kveðst að mestu hafa verið niðri í vélarrúmi, á meðan það var gert. Er búið var að færa skipið, kveðst Óskar hafa komið upp í brú og hafi þá Júlíus Ingibergsson eða einhver annar spurt kafarann, hvort honum væri ekki kalt. Kveðst Óskar þá hafa boðist til að fara niður í eldhús og hita kaffi. Hafi kafarinn drukkið hjá sér kaffi í eldhúsinu og hafi þeir verið lengi þarna. Kveður hann kafarann hafa sagt sér, að hann væri búinn að kafa, en hann hefði ekki fundið neinar skemmdir á skipinu. Óskar kveðst nú hafa sinnt ýmsum störfum í vélarrúmi, en síðan farið upp í brú. Kveður hann Árna 1. stýrimann hafa staðið við glugga á brúarhorninu stjórnborðsmegin, en hásetarnir hafi verið að ljúka við að binda skipið að framan og aftan. Kveðst hann hafa séð, að kúplað var að, en stuttu seinna hafi Árni kúplað frá, þegar hásetarnir voru að ljúka við að binda skipið eða voru búnir að því. Kafarann kveðst hann ekki hafa séð. Ekki kveðst Óskar minnst þess, að aðrir væru þarna í brúnni, þegar hann kom upp. Allan þennan tíma kveður Óskar vél skipsins hafa verið í gangi, því unnið hafi verið að löndun og vélar skipsins notaðar við hana. Eftir nokkra stund kveður Óskar hafa verið farið að huga að kafaranum og

hafi síðan verið kallað í lögregluna. Óskar kveður lausagang vél-arinnar vera um 200 snúninga á mínútu og hafi lítið verið bætt við til að færa skipið. Hann kveður hægt að tengja skrufuna niðri í vélarrúmi, þegar frátengt sé í brúnni, en enginn annar en hann sjálfur hafi verið niðri í vélarrúmi á þeim tíma, sem leið frá því kafarinn muni hafa varpað sér í sjóinn og þar til farið var að óttast um hann. Óskar kveður olúkúplingu vera á vélinni og stöðvist skrufan sem næst, um leið og kúplað sé frá. Óskar kveður kafarann ekki hafa óskað eftir því við sig, að vél skipsins væri stöðvuð, á meðan hann kafaði.

Júlíus Rafn Júlíusson, háseti á m/s Gísla Árna, kveður skipið fyrst hafa lagst að Norðurgarði umræddan morgun, en síðan hafi það verið fært að endanum á Grandabryggju og hafi kafarinn kafað fyrst þar. Búið hafi verið að setja stiga niður með skipinu og tvo belgi til að halda því frá bryggju. Eftir þetta kveðst Júlíus hafa rætt við kafarann í brúnni og hafi þarna verið fleiri, sem rætt hafi saman. Hann kveður skipið svo hafa verið fært fyrir bryggjuhornið. Júlíus kveðst hafa verið við hringjastatífið á bátapalli og verið að berja klaka, til að hægt væri að ganga tryggilega frá afturenda skipsins. Hann kveður kaðal hafa legið úr skut, en af því að skipið hafi staðið það mikið aftur af bryggjunni, hafi þeir ætlað að færa kaðalinn frammar. Júlíus kveðst hafa tekið við handlugt frá manni á bryggjunni og rétt kafaranum inn í brúna, þar sem hann hafi verið ásamt Árna 1. stýrimanni og fleiri mönnum. Júlíus kveður ekki hafa verið búið að binda skipið, hann hafi verið með kaðalinn í höndunum, þegar hann hafi heyrnt skvamp. Kveðst hann þá hafa gert sér grein fyrir því, að kafarinn hefði stokkið fyrir borð. Ekki kveðst hann hafa gert sér grein fyrir því, hvort skrufa skipsins hafi verið stöðvuð. Kveðst Júlíus síðan hafa lokið við að binda skipið og farið svo niður á þilfar.

Gísli Árni Eggertsson, háseti á m/s Gísla Árna, kveður skipið fyrst hafa lagst að Norðurgarðinum, en síðan hafi það verið fært að endanum á Grandabryggju. Kveðst hann hafa fært stiga að skipshliðinni, en belgir hafi verið milli skips og bryggju. Gísli kveður skipið síðan hafa verið fært fyrir bryggjuhornið að ósk kafarans. Er skipið hafði verið fært, kveðst Gísli hafa verið á brúarvængnum við að binda skipið og hafi verið bundið utan um blakkarstöðina. Á meðan á þessu stóð, kveðst Gísli hafa orðið var við, að kafarinn kom út á brúarvænginn og kallaði til manns, sem stóð á bryggjunni, að sækja handljós í

bifreið hans, þ. e. kafarans, og hafi maðurinn gert það. Gísli kveðst svo hafa heyrt, að kafarinn lenti í sjónum, en hann kveðst hafa bograð við vinnu sína og því hafi hann ekki séð, hvaðan kafarinn stókk. Ekki kveðst Gísli hafa gert sér grein fyrir því, hvort skrífa skipsins var tengd eða ekki, enda sé erfitt að gera það, þegar skipið sé fullhlaðið eins og þarna var og lítill skurður á skrúfunni. Gísli kveðst hafa litið út fyrir borðstokkinn, áður en hann lauk við að binda skipið, og hafi hann þá séð á loftbólum, sem komu upp fast við skipshliðina, hvernig kafarinn færði sig aftur með skipinu. Gísli kveðst ekki hafa tekið eftir neinu skrúfufari, þegar hann leit aftur með skipinu.

Árni Sæmundsson, háseti á m/s Gísla Árna, kveðst hafa verið frammi á skipinu við að binda það, er það hafði verið fært fyrir bryggjuhornið. Kveðst hann hafa snúið sér að brúnni, rétt er hann hafði lokið við að binda, og hafi hann þá séð kafarann í loftinu, en hann hafi ekki séð, hvaðan hann stókk. Árni kveðst ekki hafa tekið eftir, hvort búíð var að binda skipið að aftan. Kveðst Árni síðan hafa snúið sér að öðrum verkefnum. Kveðst hann ekki hafa getað fundið, hvort skrífa skipsins var tengd, á meðan hann var að binda skipið.

Guðmundur Hafsteinn Sigurðsson, yfirverkstjóri hjá Slippfélaginu í Reykjavík, kveðst hafa verið á Grandabryggjunni þennan morgun. Hugmyndin hafi verið að taka m/s Gísla Árna í slipp, ef einhverjar skemmdir myndust, sem Leon gæti ekki lagfært. Kveðst Guðmundur hafa komið niður að skipinu um kl. 0915—0930, rétt áður en skipið var fært fyrir bryggjuhornið. Kveðst Guðmundur aðeins hafa talað við Leon, þar sem hann var staddur í brúnni. Kveður hann Leon hafa kallað til sín úr brúarglugganum næst stjórnborðshliðinni, að hann væri búinn að athuga fremri hluta veltikjalarins og ekki fundið neitt athugavert, en hann ætlaði að athuga aftari hlutann, þegar búíð væri að færa skipið. Þegar búíð var að færa skipið, kveður Guðmundur Leon hafa komið út úr brúnni, tilbúinn til köfunar að öllu leyti, í froskmannsbúningi, með hettu, köfunargler og súrefnistæki. Hafi Leon farið rakleiðis ofan af bátadekki niður á stjórnborðslunningu á neðra þilfari. Þar kveður Guðmundur Leon hafa staðið og kallað til sín og beðið sig að fara í bifreið hans og sækja handlugt. Kveðst Guðmundur hafa gert það, hlaupið við fót og hafi það varla tekið meira en mínútu. Kveðst hann hafa rétt lugtina til skipverja, sem stóð á neðra þilfari, en sjálfur kveðst Guðmundur ekki hafa náð til Leons. Í framhaldi af þessu

kveður Guðmundur Leon hafa stokkið í sjóinn, en sjálfur hafi hann snúið frá skipinu. Kveðst Guðmundur vera þess fullviss, að búið hafi verið að binda skipið, þegar hann færði Leon ljósið, en hann kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvort skráfa skipsins var í sambandi. Hafi annar maðurinn, sem var að binda skipið að aftan, staðið, þar sem skipið var bundið, en hinn hafi verið á bátapallinum eða nótapallinum. Þegar farið var að athuga, hvort loftbólur sæust, hafi þessir menn gengið aftur með og aftur fyrir og síðan fram með bakborðsmegin. Guðmundur kveðst ekki hafa orðið var við, að Leon og stýrimaðurinn ræddust við, áður en Leon fór úr brúnni. Hann kveðst ekki hafa séð stýrimanninn, þegar Leon stökk fyrir borð síðast, en stýrimaðurinn hafi verið í ysta glugganum framan á brúnni stjórnborðsmegin, á meðan skipið var fært. Guðmundur kveðst ekki hafa rætt við stýrimanninn, áður en atburðurinn varð. Hann kveðst ekki hafa séð neina hreyfingu á skipinu, eftir að Leon kastaði sér í sjóinn.

Baldur Jóhannsson, vélstjóri á olíuskipinu Héðni Valdimarsyni, kveður skip sitt hafa verið að leggja að m/s Gísla Árna, þegar Leon hafi komið á bryggjuna umræddan morgun, en afgreiða átti olíu í skipið. Kveðst Baldur hafa staðið á brúarvængnum, en stýrimaðurinn á m/s Gísla Árna hafi verið í glugganum og Leon á bryggjukantinum. Hafi þá Leon sagt við stýrimanninn, að vélin væri í gangi og hann, þ. e. stýrimaðurinn, sæi um það, og hafi stýrimaðurinn játað því. Baldur kveður Leon svo hafa kafað. Baldur kveður svo hafa verið haldið að öðru skipi til að afgreiða olíu og hafi m/s Gísli Árni þá verið færður.

Vitnið Þröstur Sigtryggsson, skipherra hjá Landhelgisgæslu Íslands, kveðst hafa kennt svokallaða froskköfun á vegum stofnunarinnar og, eftir því sem hann muni best, hafa kennt Leon Carlsson. Hafi Leon þá fengið vottorð um það, að hann væri hæfur til að kafa niður á allt að 12 m dýpi. Með froskköfun kveður Þröstur átt við það, að kafarinn flytji með sér á kútum loft til öndunar. Þröstur kveður engin lög um köfun vera til og kveður ekki vera fyrir hendi neinar skriflegar reglur hjá Landhelgisgæslu Íslands um köfun og varúðarráðstafanir í sambandi við hana. Þröstur kveður námskeið þau, sem hann kenndi við, yfirleitt hafa staðið 2—3 vikur. Kveðst hann aðallega hafa kennt með fyrirlestrum, en nemendur hafi fengið afhent U.S. Diving Manual og hafi hann vitnað til þeirrar bókar í fyrirlestrum sínum. Þröstur kveður verklega kennslu hafa farið fram í Sundhöll Reykjavíkur, en síðan hafi það verið föst regla, að fram-

kvæmdar væru tíu kafanir í sjó, þar af tvær kafanir í myrkri. Á þessum námskeiðum kveður Þröstur hafa verið reiknað með því, að þátttakendur ynnu hjá stofnuninni, og hafi þá verið miðað við það, að þeir ynnu frá léttbáti. Kveðst Þröstur hafa bent nemendum á það, að það væru þeir, sem ættu að kafa og það væri þeirra að ákveða, hvaða aðstoð þeir fengju og hvort þeir notuðu líflínu eða ekki, en hann hafi ekki getað gefið ákveðnar reglur um þetta. Um þetta kveður Þröstur ekki vera til neinar íslenskar reglur. Þröstur kveðst hafa bent nemendum sínum á, að þeir skyldu ganga úr skugga um, að búið væri að stöðva aðalvél skips, áður en þeir köfuðu við skrófu þess. Kveður hann sér hafa verið kunnugt um það, að kafarar hefðu farið niður til að skera úr skrófum skipa, án þess að aðalvél skipsins væri stöðvuð, og hafi hann viljað benda nemendum sínum á, að þetta ætti ekki að gera. Þröstur kveður köfun ekki mega standa lengur en svo, að ekki sé hætt á, að kafarar fái köfunarveiki, en ekki sé hætt á því á grynna vatni en tólf metrum, miðað við það að notað sé venjulegt andrúmsloft. Á 10 m dýpi sé eðlilegt, að köfun standi ekki lengur en 30—40 mín., þegar notaðir séu tveir kútar með andrúmslofti. Þröstur kveður það sína skoðun, að sáralítill hætt sé á bilunum á froskköfunarútbúnaði, alla vega ekki svo alvarlegum, að hætt sé fyrir kafarann. Það eina, sem geti skeð, sé það, að þrýstiminncari bili eða lokist, en ákaflega lítil líkindi séu til, að það geti skeð. Slikt komi eiginlega ekki fyrir við köfun, heldur milli kafana og þess verði þá vart, áður en köfun hefist næst. Þröstur kveðst skýra nemendum sínum frá því, er hann ljúki námskeiði í köfun, að hann hafi ekki getað kennt þeim allt, en bendi þeim á að hafa augun opin fyrir öllum nýjungum og ráðleggi þeim að kafa ekki, er þeir hafa náð 40 ára aldri. Þröstur kveðst ekki minnast þess, að þeir Leon hafi starfað saman að köfun. Hann kveður sér kunnugt um það, að eftir að hann kenndi Leon, hafi hann verið mjög áhugasamur um allt, er laut að köfun, aflað sér bóka og tímarita um það efni og fylgst með nýjungum í köfunarbúningum. Þröstur kveður það orð hafa farið af Leon, að hann væri duglegur, og kveðst ekki hafa orðið var við eða heyrð, að hann væri ógætinn við köfun.

Að ósk lögmannna aðilja voru dómkvaddir tveir menn til að „gera athaganir og gefa skýrslu um tengibúnað vélar og skrófuáss í m.s. Gísla Árna RE 375, sérstaklega með tilliti til þess, hvort skrófuásinn geti snúist, ef aðalvél er í gangi og tengið er rofið í stýrishúsi.“

Í matsgerðinni segja matsmennirnir, Þórður Gröndal verkfræðingur og Sveinn Jónatansson verkstjóri, svo um athuganir sínar og niðurstöðu:

„Vél og tengibúnaður er af gerðinni Wichmann 7ACA.

Tveim keiluhelmingum, sem eru festir við skrúfuásinn, er þrýst í sundur innan í annari keilu(klukku), sem er föst við aflúrtak vélarinnar.

Þetta er gert með því að dæla smurolíu vélarinnar undir þrýstingi inn í keiluhelmingana. Við þetta flyst afl vélarinnar til skrúfuássins.

Þegar oliuþrýstingnum er af létt, dragast keiluhelmingarnir saman með gormum, og er þá skrúfuásinn laus við aflúrtak vélarinnar. Oliuþrýstingnum er stjórnað með tveimur samtengdum handföngum, öðru í skipstjórnaðarklefa og hinu í vélarrúmi.

Hreyfa þarf handföngin um það bil 60° frá lokunarstöðu, þar til oliuþrýstingur í tengsli er nægjanlegur, til þess að skrúfuásinn snúist með vélinni. Skrúfuásinn snerist um það bil 11 sek. eftir að tengið var rofið, og telst það eðlilegt.

Við höfum skoðað tengibúnaðinn og prófað hann með aðalvél í gangi, og finnum við ekkert athugavert við hann.

Við teljum hverfandi líkur á því, að skrúfuásinn geti snúist fyrir vélaraflinu, þegar tengið er rofið.“

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina.

Skýrði matsmaðurinn Þórður Gröndal svo frá, að samkvæmt sinni þekkingu geti skrúfuásinn ekki snúist fyrir vélarafli, þegar tengið er rofið.

Matsmaðurinn Sveinn Jónatansson lýsti sambandi handfanga þeirra í skipstjórnaðarklefa og vélarrúmi, sem stjórna oliuþrýstingi. Kvað matsmaðurinn þess verða vart á öðrum staðnum, þegar handfangið er hreyft á hinum, en ef annað handfangið sé bundið fast, sé ekki hægt að hreyfa hitt.

Kröfur stefnenda eru byggðar á því, að stjórnendur m/s Gísla Árna, sem stefndi beri húsbóndaábyrgð á, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, er Leon Carlsson kafaði við skipið, og sé gáleysi þetta orsök slyssins. Er því haldið fram, að það hafi verið gáleysi skipstjórnamanna að hafa aðalvél skipsins í gangi, á meðan kafað var, því að skrúfan geti snúist, þótt hún sé frátengd. Auk þess geti þeir hlutir bilað, sem aftengja skrúfu og vél, með þeirri afleiðingu, að skrúfan fari að snúast. Einnig geti skrúfan tengst við vélina vegna mistaka. Er á það bent í þessu sambandi, að skipstjórnamönnum, sem við skipið voru, hafi ekki verið kunn-

ugt um, hvort skráfan gæti snúist, þótt frátengd væri, og þeim hafi heldur ekki verið kunnugt um, hvort skráfan héldi áfram að snúast einhvern tíma, eftir að hún var frátengd. Þá er því haldið fram, að 1. stýrimanni hafi mátt vera ljóst, að Leon hafi treyst því, að skipstjórnarmenn gættu þess, að skráfan væri ekki tengd, þegar hann kafaði. Hafi stýrimaðurinn gert sér grein fyrir því, að Leon væri að búa sig undir að kafa að nýju, þegar hann fór úr stýrishúsinu fullbúinn til köfunar. Þrátt fyrir það hafi stýrimaðurinn ekki sagt Leon frá því, að skráfan væri tengd, og ekki hafi hann heldur fylgst með ferðum Leons. Þá er á það bent af hálfu stefnenda, að 1. stýrimaður geti engar glöggar upplýsingar gefið um það, hvenær hann hafi kúplað skráfu skipsins frá vélinni, þegar Leon fór síðast til köfunar, en augljóst sé, að honum hafi borið að vara Leon við því, að skráfan snerist, og jafnframt hafi honum borið að stöðva skráfuna samstundis og honum varð ljóst, að Leon var að hefja köfun að nýju. Ef skráfan hafi þá verið frátengd, hafi stýrimanninum borið að gæta þess, að hún yrði ekki tengd, á meðan köfun stæði yfir. Einnig er á það bent, að stýrimaðurinn hafi ekki varað vélstjóra skipsins við því, að köfun færi fram, þrátt fyrir það þótt hægt sé að tengja vél og skráfu í vélarrúmi skipsins. Þá er á það bent, að umbúnaður stjórnþækja vélar og skráfu í stýrishúsi sé þannig, að hver sem er geti fyrirvaralaust kúplað saman vél og skráfu. Þá er því haldið fram, að allt of langur tími hafi liðið, frá því Leon kafaði og þar til eitthvað var gert, þrátt fyrir það að 1. stýrimanni væri ljóst, að hann hefði kafað aftur. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að leitt sé í ljós, að óforsvaranlegt skeytingarleysi skipstjórnarmanna hafi valdið slysinu, en á því beri eigandi skipsins ábyrgð.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stýrimanni, vélstjóra eða öðrum skipverjum verði ekki kennt um slysið, enda hafi þeir unnið störf sín óaðfinnanlega. Er því haldið fram, að Leon Carlsson, sem hafi verið reyndur skipstjórnarmaður og þaulæfður kafari, hafi unnið köfunarstörf sín við skip stefnda sjálfstætt og á eigin ábyrgð. Leon hafi gefið fyrirmæli um alla tilhögun, áður en köfun hófst, og hafi hann ekki þurft að hlíta boðum frá öðrum um öryggisráðstafanir. Hann hafi mælt fyrir um það, að skipið skyldi fært, svo að hann sæi betur til við köfunina. Hann hafi svo skyndilega og á eigin spýtur tekið ákvörðun um að hefja köfunarstarf á ný, áður en búið var að binda skipið. Þá hafi hann átt leið um stýrishúsið, áður en hann varpaði sér í sjóinn, og hafi

hann sem vanur skipstjórnarmaður og kafari hlotið að taka eftir hvort skrófan var tengd vélinni. Honum hafi hins vegar orðið á þau mistök að hefja köfun á ný án þess að fullvissa sig um, að færslu skipsins væri lokið, búið að binda það og skrófan frátengd vél. Er því haldið fram, að 1. stýrimaður skipsins hafi allan tímann verið í stýrishúsi skipsins. Hann hafi hlýtt fyrirmælum Leons um að færa skipið. Hann hafi engin fyrirmæli gefið um að hefja köfun að nýju. Er því haldið fram, að ekki hafi verið óeðlilegt, þótt nokkur tími liði, þar til farið var að huga að Leon, enda geti athuganir kafara tekið nokkurn tíma. Því verði skipverjum ekki gefið að sök, þótt nokkur tími liði, þar til leit var hafin, enda hafi slysið hlotið að verða stuttu eftir að Leon kafaði að nýju. Er því haldið fram, að slysið verði hvorki rakið til vanbúnaðar skipsins né yfirsjóna starfsmanna stefnda, heldur hljóti það að stafa af mistökum Leons eða af óhappatilvikum.

Eggert Gíslason, skipstjóri m/s Gísla Árna, gaf 1. stýrimanni skipsins ekki fyrirmæli um það, hvernig staðið skyldi að af hálfu skipverja, þegar kafað væri við skipið umrætt sinn. Hann kveðst hins vegar hafa beðið 2. stýrimann um að fylgjast vel með kafaranum. Sá 2. stýrimaður síðan um að setja stiga niður með síðu skipsins og belgi til að halda því frá bryggju. Fylgdist 2. stýrimaður einnig með kafaranum, á meðan hann kafaði, þar sem skipið lá við enda Grandabryggju. Leon Carlsson kom einn til köfunar við m/s Gísla Árna í umrætt sinn. Er ljóst, að við þær aðstæður er þörf góðs og náins samstarfs milli kafara og skipstjórnarmanna. Fyllsta öryggi næst ekki, nema með því að stöðva aðalvél skips, sem kafað er við. Verður að telja fram komið, að Leon hafi verið ljóst, er hann kom að skipinu um morguninn, að aðalvél skipsins var í gangi. Einnig verður að telja fram komið, að hann hafi beðið skipstjórnarmenn um að sjá um það örugglega, að skrófa skipsins væri ekki tengd, svo að hún hreyfðist ekki. Er og fram komið, að er Leon kafaði, þar sem skipið lá við enda Grandabryggju, hafi skipstjórnarmenn gætt þess í stýrishúsi, að skrófa skipsins væri ekki tengd. Er því ljóst, að þótt aðalvél skipsins væri ekki stöðvuð, á meðan kafað var, þar sem skipið lá við enda Grandabryggju, þá hefur það ekki komið að sök vegna góðrar samvinnu skipstjórnarmanna og Leons. Það verður að telja, að það hafi verið sammála álit Leons og 1. stýrimanns, að til þess að fá betri birtu við köfunina yrði skipið fært fyrir bryggjuhornið. Á meðan fór Leon niður í skipið með Óskari vélstjóra til að fá sér kaffi. Er hér var komið, yfirgaf Júlíus Ingi-

bergsson útgerðarstjóri skipið til að sinna öðrum störfum í þágu útgerðarinnar, og einnig fór 2. stýrimaður til að sinna öðru starfi í landi fyrir skipið. Er skipið hafði verið fært fyrir bryggjuhornið, kom Leon upp í stýrishús. Kveðst 1. stýrimaður hafa lagað hanskan á hendi Leons að beiðni hans. Er ljóst, að Leon hefur síðan farið út úr stýrishúsinu. Fram er komið, að Guðmundur Hafsteinn Sigurðsson yfirverkstjóri sótti handlugt í bifreið Leons að beiðni hans. Hins vegar er slíkt ósamræmi í framburðum Guðmundar og Júlíusar háseta, sem tók við lugtinni, að ekki er ljóst, hvar Leon var, er hann tók við lugtinni. Hefur ekki tekist að afla vættis manna, sem kunna að hafa verið í stýrishúsinu á þessum tíma samkvæmt framburði Júlíusar háseta. Er ljóst samkvæmt framburðum Guðmundar, Júlíusar og Gísla, að í framhaldi af þessu hefur Leon stokkið í sjóinn til köfunar á ný. Hefur 1. stýrimaður borið, að hann hafi ekki orðið var við ferðir Leons, eftir að hann fór úr stýrishúsinu í umrætt sinn. Var honum þó ljóst, er hann lagaði hanskan á hendi Leons, að hann var að búa sig undir köfun á ný, en 1. stýrimaður ætlaði ekki að kúpla frá, fyrr en lokið hefði verið við að binda skipið. Bar honum að gera Leon grein fyrir þessu, og mátti hann ekki treysta því, að Leon gerði sér grein fyrir því eða sæi af stjórnækjum í stýrishúsi, að skrúfa skipsins væri tengd. Er og fram komið af framburðum, að erfitt er að gera sér grein fyrir því, þegar skipið er hlaðið, hvort skrúfan snýst eða ekki, og verði raunar ekki séð nema af mælum, svo sem fram kemur hjá Eggert skipstjóra. Er ljóst, að eftir þetta hefur enginn af skipverjunum fylgst sérstaklega með Leon, er hann kafaði síðast, svo sem gert var við fyrri köfunina. Það verður að vísu ekki talið í ljós leitt, að lokið hafi verið við að binda skipið, þegar Guðmundur rétti lugtina um borð í skipið, en samkvæmt framburði Árna Sæmundssonar hafði hann lokið við að binda skipið að framan, er hann sá Leon kasta sér í sjóinn. Einnig má ráða af framburðum þeirra Júlíusar og Gísla, að þeir hafi verið svo langt komnir með að binda skipið að aftan, er þeir urðu varir við, að Leon stökk fyrir borð, að óhætt hefði þá verið að kúpla skrúfunni frá án hættu fyrir skipið og skipverja, en fram er komið, að veður var gott. Verður að telja, að ef ekki var búið að kúpla frá, þegar Leon kastaði sér í sjóinn, þá hafi það verið sjálfsgöð neyðarráðstöfun strax og skipverjar urðu þess varir. Ekki er fyllilega ljóst, hvenær kúplað var frá og hvort það var gert, þegar er lokið var við að binda skipið. Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að skipstjórnarmenn

hafa ekki haft þá nánú samvinnu við Leon við síðari köfun hans, sem nauðsynleg var og höfð var, þegar hann kafaði í fyrra skiptið, en í þeirra höndum voru allar athafnir við færslu skipsins og í þeirra höndum var stjórn vélar og skrúfubúnaðar. Verður að líta svo á, að í því felist mistök við stjórn skipsins, er haft hafi í för með sér slys það, er leiddi til dauða Leons Carlsson. Því beri stefndi sem eigandi m/s Gísla Árna fébótaábyrgð á tjóni af þessum atburði skv. 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Ekki nýtur frásagna vitna af því, hvernig Leon hugðist standa að köfuninni í síðara skiptið, eða hvort hann vissi um einstök atriði við færslu skipsins, og ekki nýtur heldur frásagna vitna af því, hvað fram fór í stýrishúsinu, en þegar virt er það, sem fram hefur komið um atvik að slysinu, og jafnframt aðstaða til sönnunar í málinu, þá þykir ekki grundvöllur til annars en að leggja fébótaábyrgð að öllu leyti á stefnda.

Verður nú tekin afstaða til endanlegra dómkrafna stefnenda í aðalsök og framhaldssök, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur til handa eftirlifandi eigin-  
konu, Söllu Sigmarsdóttur:

a) Vegna missis framfæranda ..	kr. 7.278.093		
b) Bætur fyrir röskun á stöðu og högum .....	— 1.000.000	kr. 8.278.093	
			<hr/>

2. Bætur til handa Grétu Carlsson:

a) Vegna missis framfæranda ..	kr. 175.958		
b) Bætur fyrir röskun á stöðu og högum .....	— 1.000.000	— 1.175.958	
			<hr/>

3. Bætur til handa Jóhönnu Carlsson:

a) Vegna missis framfæranda ..	kr. 393.366		
b) Bætur fyrir röskun á stöðu og högum .....	— 1.000.000	— 1.393.366	
			<hr/>

4. Bætur til handa Drífu Leonsdóttur:

a) Vegna missis framfæranda ..	kr. 393.366		
b) Bætur fyrir röskun á stöðu og högum .....	— 1.000.000	— 1.393.366	
			<hr/>

5. Bætur til handa Sævari Carlsson fyrir röskun á stöðu og högum ..	kr. 1.000.000
6. Útreikningur fjártjóns .....	— 16.500
7. Ljósritun skjala .....	— 7.500
8. Endurútreikningur tjóns .....	— 15.000

Samtals kr. 13.279.783

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað tjón Söllu Sigmarsdóttur og barnanna Grétu, Jóhönnu og Drífu vegna missis framferanda við andlát Leons Carlsson. Um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu segir svo í bréfi Guðjóns, dags. 12. október 1973:

„Að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, hef ég gert eftirfarandi útreikninga í sambandi við tjón frá Söllu Sigmarsdóttur, Faxatúni 9, Garðahreppi, vegna missis fyrirvinnu, en eiginmaður Söllu, Leon Einar Carlsson, lést af slysförum 24. febrúar 1973. Enn fremur eru reiknaðar bætur til handa börnum Leons, svo sem að neðan greinir.

Leon var sagður fæddur 12. júní 1935 og var samkvæmt því 37 ára gamall, er hann lést. Eftirlifandi eiginkona hans er sögð fædd 22. janúar 1931, og hefur hún því verið 42 ára að aldri, er hún missti eiginmann sinn. Samkvæmt upplýsingum yðar eru börn þeirra hjóna þrjú, þ. e.

Sævar Þór, f. 10/1 1955,

Gréta, f. 29/11 1958, og

Jóhanna, f. 10/2 1962.

Að sögn yðar lét Leon enn fremur eftir sig eitt barn utan hjónabands, Drífu, f. 20/2 1962, er hann greiddi meðlag með, en að öðru leyti var Drífa á framfæri móður sinnar.

#### A. Bætur til barna.

Venja er að miða útreikning á bótum til barna við barnalífeyri almannatrygginga, en árlegur barnalífeyrir hefur frá slysdegi verið sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/3 1973	kr. 44.484.00
— 1/4 til 30/6 1973	— 49.824.00
— 1/7 til 30/9 1973	— 52.416.00
— 1/10 1973	— 56.088.00

Sé börnum Leons innan 17 ára aldurs hverju um sig reiknaðar ofangreindar bætur til fullnaðs 17 ára aldurs, reiknast mér verðmæti þeirra bóta á slysdegi nema:

Vegna Grétu	kr. 136.011.00
Vegna Jóhönnu	— 268.578.00
Vegna Drífu	— 268.578.00

Pótt réttarstaða Drífu sé ekki að öllu leyti hin sama og hinna barnanna, hef ég ekki talið ástæðu til að reikna bætur á annan veg henni til harða.

#### B. Bætur til ekkju.

Af staðfestum ljósritum af skattframtölum Leons fyrir starfsárin 1969—1972 sést, að mestan hluta launatekna sinna á þessu tímabili hefur hann haft fyrir starf það, er hann gegndi hjá Togaraafgreiðslunni h.f. Nokkrar launatekjur hafði hann þó frá ýmsum öðrum aðilum, og árin 1971 og 1972 skilaði hann að auki rekstrarreikningi vegna sjálfstæðrar starfsemi. Til vinnutekna hef ég reiknað launatekjur ásamt hreinum tekjum samkvæmt rekstrarreikningi að loknum breytingum skattayfirvalda. Til frádráttar hef ég talið rekstrarkostnað, að svo miklu leyti sem hann hefur verið færður til frádráttar á skattframtali og viðurkenndur af skattayfirvöldum. Þá hef ég talið björgunarlaun til vinnutekna, en ekki bifreiðarstyrk, sem færður hefur verið til frádráttar að fullu. Með þessu móti reiknast mér vinnutekjur Leons ofangreind ár hafa verið sem hér segir:

Ár	Heildarvinnutekjur kr.	Þar af frá Togaraafg. hf. kr.
1969	303.807.00	275.567.00
1970	405.448.50	346.735.00
1971	608.627.00	399.263.00
1972	506.617.60	467.747.00

Aðalstarf Leons á þessu tímabili var skrifstofustarf, þ. e. bókhald og gjaldkerastörf. Erfitt er að umreikna tekjur þessa tímabils með tilliti til breytinga á kaupþóxtum verslunarmanna sökum ýmiss konar tilfærslna milli launaflokka. Hef ég því aflað upplýsinga um fast mánaðarkaup Leons hjá Togaraafgreiðslunni h.f. árin 1969—1972 og umreiknað heildarvinnutekjur hans þau ár með tilliti til breytinga á því, svo og með tilliti til almennrar grunnkaupshækkunar 1. mars 1973 og hækkunar verðlagsuppbótar 1. mars, 1. júní og 1. september 1973. Umreiknaðar á þennan hátt reiknast mér árlegar heildarvinnutekjur, miðað við meðaltal árána 1969—1972, verða sem hér segir:

Árið 1973 (meðaltal frá slysdegi) kr. 796.919.00

Eftir þann tíma — 843.112.00

Sökum þess, að tekjur Leons eru áberandi hæstar 1971, en lægstar 1972 og allmikill munur er á þessum tveimur árum, ef tillit er tekið til kaupgjaldsbreytinga, hef ég talið eðlilegt að styðjast við meðaltal fjögurra ára í stað þess að leggja einungis tekjur þriggja ára til grundvallar.

Af ofangreindum tekjum hef ég fyrst tekið framfærslueyri dætranna þriggja, fram til 17 ára aldurs hverrar þeirra, jafnháan barnalífeyri almannatrygginga, en reiknað ekkjunnni helming þeirra tekna, sem eftir verða. Verðmæti slíks framfærslueyris, miðað við aldur Söllu Sigmarsdóttur og starfsorkulíkur manns á aldri Leons Carlssonar, reiknast mér nema á slysdegi

kr. 4.487.007.00

#### C. Bætur almannatrygginga.

Auk barnalífeyris dætra sinna á Salla rétt á slysabótum í 8 ár frá almannatryggingum, og er ársupphæð þeirra bóta sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/3 1973 kr. 108.924.00

— 1/4 til 30/6 1973 — 121.992.00

— 1/7 til 30/9 1973 — 128.340.00

— 1/10 1973 — 137.328.00

Enn fremur á ekkjan rétt á mæðralaunum til 16 ára aldurs dætra sinna sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/3 1973 kr. 41.400.00

— 1/4 til 30/6 1973 — 46.368.00

— 1/7 til 30/9 1973 — 48.780.00

Síðan með tveimur börnum kr. 52.200.00

Síðan með einu barni — 9.612.00

Verðmæti þessara bóta til ekkjunnar reiknast mér nema á slysdegi:

Verðmæti 8 ára bóta kr. 832.072.00

Verðmæti mæðralauna — 106.613.00

#### D. Vinnutekjur ekkjunnar.

Samkvæmt áðurnefndum framtölum fyrir starfsárin 1969—1972 hafa tekjur Söllu af vinnu utan heimilis verið sem hér segir:

Árið 1969 kr. 0

— 1970 — 67.718.00

— 1971 — 116.625.00

— 1972 — 104.087.00

Allar ofangreindar tekjur Söllu eru launatekjur frá Bæjar-  
útgerð Reykjavíkur. Við umreikning teknanna til kauplags, eins  
og það hefur verið frá slysdegi til þessa, hef ég notað sömu aðferð  
og við umreikning vinnutekna Leons. Verða þá umreiknaðar  
meðalárstekjur Söllu árin 1969—1972 sem hér segir:

Árið 1973 (meðaltal frá slysdegi) kr. 112.866.00

Eftir þann tíma — 119.408.00

Sé gert ráð fyrir, að helmingur þeirra tekna, sem hér um ræð-  
ir, eigi að koma til frádráttar hinum reiknaða framfærslueyri  
Söllu, reiknast mér verðmæti slíks frádráttar á slysdegi nema:  
kr. 644.232.00.

Ljóst er, að óvissa er allmikil í sambandi við þennan frá-  
dráttarlið. Þannig mundi t. d. frádráttarfjárhæðin hækka um  
þriðjung, ef stuðst væri við reynslu árána 1970—1972, þ. e.  
þriggja ára í stað fjögurra.

Að lokum skal tekið fram, að við framangreinda útreikninga  
hefur ekki verið tekið tillit til lífeyrisréttinda í lífeyrissjóði, en  
Leon var sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verslunarmanna. Vegna frá-  
falls hans munu börn hans njóta barnalífeyris úr sjóðnum, og  
e. t. v. á ekkja hans einnig rétt á makalífeyri. Á hinn bóginn  
hefðu þau hjónin getað öðlast frekari rétt síðar, ef slysið hefði  
ekki orðið.

Töflur þær, sem notaðar hafa verið við útreikningana, miðast  
við starfsorkulíkur samkvæmt sænskri reynslu, dánarlíkur sam-  
kvæmt íslenskri reynslu 1951—1960 og 7% vexti p. a.“

Guðjón Hansen reiknaði tjón framangreindra aðilja að nýju  
23. júní 1975. Um grundvöll þess útreiknings og niðurstöðu segir  
svo í bréfi hans:

„Þér hafið nú, herra hæstaréttarlögmaður, óskað endurútreikn-  
ings þar sem tillit sé tekið til kaupbreytinga og hækkunar á bót-  
um almannatrygginga, en að öðru leyti miðað við sömu forsendur  
og við fyrri útreikning. Fer endurútreikningur þessi hér á eftir.

#### A. Bætur til barna.

Í fyrri útreikningi eru tilgreindar árlegar fjárhæðir barna-  
lífeyris, eins og þær voru frá slysdegi til ársloka 1973. Síðan  
hefur árlegur barnalífeyrir verið ákveðinn sem hér segir:

Frá 1/1 til 31/3 1974 kr. 60.012.00

— 1/4 til 30/9 1974 — 75.012.00

— 1/10 til 30/11 1974 — 79.524.00

— 1/12 1974 til 31/3 1975 — 81.912.00

— 1/4 til 30/6 1975	kr. 89.280.00
Eftir þann tíma	— 91.956.00

Þegar tillit er tekið til þessara breytinga, reiknast mér verðmæti bóta til handa börnunum nema á slysdegi:

Vegna Grétu	kr. 175.958.00
Vegna Jóhönnu	— 393.366.00
Vegna Drifu	— 393.366.00

### B. Bætur til ekkju.

Heildarvinnutekjur Leons, eins og þær eru tilgreindar í fyrri útreikningi, hef ég umreiknað í hlutfalli við breytingar á föstum launum hans, eins og ég tel, að þær breytingar hefðu orðið vegna vísitöluhækkana 1. des. 1973 og 1. mars 1974 og vegna launahækkana samkvæmt samningum í febrúar 1974 (þar með talin 3% hækkun, sem kom til framkvæmda 1. des. 1974), mars 1975 og júní 1975. Hins vegar eru launin hærri en svo, að um láglaunauppbót hefði orðið að ræða 1. október 1974. Með þessu móti reiknast mér árlegar heildarvinnutekjur verða sem hér segir:

Árið 1973, frá slysdegi	kr. 803.050.00
— 1974	— 1.095.090.00
— 1975	— 1.321.884.00
Eftir þann tíma	— 1.430.167.00

Hér hefur verið tekið tillit til umsaminnar launahækkunar, sem koma á til framkvæmda 1. okt. n.k.

Þegar tillit er tekið til hins breytta tekjugrundvallar og áður-nefndrar hækkunar á barnalífeyri almannatrygginga, reiknast mér verðmæti framfærslueyris til handa ekkju Leons, Söllu Sigmarsdóttur, nema á slysdegi

kr. 7.278.093.00

### C. Bætur almannatrygginga.

Í fyrri útreikningi eru tilgreindar árlegar fjárhæðir slysabóta almannatrygginga til ekkju (8 ára bóta), eins og þær voru frá slysdegi til ársloka 1973. Síðan hafa þær verið ákveðnar sem hér segir:

Frá 1/1 til 31/3 1974	kr. 146.940.00
— 1/4 til 30/9 1974	— 183.672.00
— 1/10 til 30/11 1974	— 196.536.00
— 1/12 1974 til 31/3 1975	— 202.428.00
— 1/4 til 30/6 1975	— 218.616.00
— 1/7 1975	— 225.180.00

Þá hafa mæðralaun verið ákveðin sem hér segir frá ársbyrjun 1974:

Frá 1/1 til 31/3 1974	kr. 55.836.00
— 1/4 til 30/9 1974	— 69.804.00
— 1/10 til 30/11 1974	— 74.004.00
— 1/12 1974 til 31/3 1975	— 14.040.00
— 1/4 til 30/6 1975	— 15.300.00
— 1/7 1975	— 15.768.00

Til nóvemberloka 1974 er um að ræða mæðralaun með tveimur börnum, en síðan með einu barni.

Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á 8 ára bótum til mæðralauna, reiknast mér verðmæti á slysdegi verða sem hér segir:

Verðmæti 8 ára bóta	kr. 1.249.397.00
Verðmæti mæðralauna	kr. 133.741.00

#### D. Vinnutekjur ekkjunnar.

Umreiknaðar á þann hátt, sem lýst er í fyrri útreikningi, reiknast mér meðalvinnutekjur Söllu Sigmarsdóttur 1969—1972 verða sem hér segir:

Árið 1973, frá slysdegi	kr. 113.734.00
— 1974	— 155.095.00
— 1975	— 187.216.00
Eftir þann tíma	— 202.552.00

Verðmæti hálfra þessara tekna reiknast mér nema á slysdegi kr. 1.033.104.00.

Þótt gera megí ráð fyrir, að lög um láglauabætur og kjarasamningar á þessu ári hafi valdið heldur meiri hlutfallshækkun á vinnutekjum Söllu en þeim tekjum, sem Leon eru reiknaðar, hef ég ekki talið ástæðu til breyttrar umreikningsaðferðar, enda er óvissa af öðru tagi veruleg í sambandi við þennan lið, svo sem minnst er á í fyrri útreikningi.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings.“

Þá er kominn fram útreikningur Guðjóns Hansens frá 1. nóvember sl. Um grundvöll hans og niðurstöðu segir svo í bréfi hans:

„Í útreikningi mínum frá 12. október 1973 í sambandi við dauðaslys Leons Einars Carlssonar þann 24. febrúar 1973 voru 7% ársvextir lagðir til grundvallar. Við endurútreikning 23. júní 1975 var að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, tekið tillit til kaupbreytinga og hækkunar, sem orðið hafði á bótum al-

mannatrygginga, en að öðru leyti miðað við sömu forsendur og við upphaflegan útreikning. Miðaðist endurútreikningurinn því einnig við 7% ársvexti.

Þér hafið nú óskað athugunar á, hver áhrif það mundi hafa á niðurstöðutölur útreikningsins frá 23. júní 1975, ef í stað 7% ársvaxta til frambúðar væri reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og eftir þann tíma með 13% ársvöxtum til frambúðar. Vegna þess, hve margþættur útreikningur þessi er, hef ég í samráði við yður reynt að einfalda hann nokkuð, en tel þó, að skekkja á hverjum lið fyrir sig sé innan við 1%. Hér fara á eftir niðurstöðutölur útreikningsins frá 23. júní 1975 ásamt tilsvareandi fjárhæð, tilgreindri í heilum þúsundum króna, þegar reiknað er með hinum breytta vaxtagrundvelli (hér eftir nefndur 7%—9%—13%):

A. Bætur til barna:	Útreikningur	Ársvextir
	23/6 1975	7%—9%—13%
	kr.	þús. kr.
Vegna Grétu	175.958	170
Vegna Jóhönnu	393.366	352
Vegna Drifu	393.366	352
B. Bætur til ekkju	7.278.093	4.610
C. Bætur almannatrygginga		
Verðmæti 8 ára bóta	1.249.397	1.075
Verðmæti mæðralauna	133.741	130
D. Verðmæti hálfra vinnutekna ekkju	1.033.104	673

Tekið skal fram, að 1. júlí 1975 varð nokkur hækkun á bótum almannatrygginga umfram það, sem um var vitað 23. júní. Ekki hefur verið tekið tillit til þess hér, en bótahækkunin hefur áhrif til hækkunar á niðurstöðutölum A-liðar og C-liðar, en til lækkunar niðurstöðutölu B-liðar.“

Um 1 a. Krafa Söllu Sigmarasdóttur samkvæmt þessum lið er byggð á B lið útreiknings Guðjóns Hansens frá 23. júní 1975. Er því jafnframt mótmælt, að bætur verði lækkaðar vegna tekna Söllu af vinnu utan heimilis, enda hljóti aðstaða hennar til slíkrar vinnu að verða erfiðari en áður. Þá er því og mótmælt, að greiðslur frá lífeyrissjóði verslunarmanna, svo og greiðsla frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands komi til frádráttar, enda sé þar um að

ræða frjálsar tryggingar, sem Leon sjálfur hafi borið kostnað af. Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem of hárrí. Er á það bent, að mikill munur sé á heildartekjum Leons og tekjum hans hjá Togaraafgreiðslunni h/f. Ljóst sé, að Leon hafi ekki getað stundað köfun mörg ár enn, því starfið sé það erfitt. Þá er og á það bent, að tekjur Leons af köfunarstörfum séu tekjur af atvinnurekstri og því eigi að draga frá kostnað við atvinnureksturinn, en ekki verði séð, að þess hafi verið gætt. Þá sé og á það að líta, að í útreikningi tryggingafræðingsins sé reiknað með 7% ársvöxtum, en almennir vextir hafi verið 13% frá 15. júlí 1974. Mundi niðurstaða þessa liðar útreikningsins lækka verulega, ef reiknað væri með þessum vöxtum. Þá er því haldið fram, að til frádráttar við ákvörðun fjárhæðar samkvæmt þessum lið eigi að koma verðmæti bóta, sem Salla eigi rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins, og helmingur af vinnutekjum hennar samkvæmt útreikningi tryggingafræðingsins. Þá beri og að draga frá verðmæti greiðslna frá lífeyrissjóði verslunarmanna og greiðslu dánarbóta frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Þá er því og haldið fram, að lækka beri fjárhæð kröfuliðar þessa með tilliti til þess, að bætur sem þessar séu skattfrjálsar, og einnig með tilliti til hagræðis af eingreiðslu.

Hér að framan hafa verið raktir útreikningar Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Við ákvörðun bóta verður útreikningurinn frá 23. júní 1975 lagður til grundvallar. Verður að líta svo á, að þar sé tekið tillit til rekstrarkostnaðar við sjálfstæða starfsemi Leons á sama hátt og í fyrsta útreikningnum. Það má ætla, að Leon hefði ekki getað stundað froskköfun jafnlengi og starfsgeta hans entist samkvæmt almennum starfsorkulíkum. Til frádráttar bótum samkvæmt þessum lið þykir eiga að koma verðmæti greiðslna, sem Salla á rétt á að fá frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá þykir bera að líta til greiðslna frá lífeyrissjóði verslunarmanna, en fram er komið, að Leon hafi verið þar sjóðfélagi. Þá þykir og verða að líta til þess, að almennir vextir hafa um skeið verið hærri en 7%. Þá þykir og verða að líta til tekna af vinnu Söllu utan heimilisins, svo sem fram kemur hjá tryggingafræðingnum. Hins vegar þykir greiðsla sú, sem Salla hefur fengið frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 1.000.000, ekki eiga að koma til frádráttar. Er fram komið og hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnda, að þar hafi verið um að ræða verðmæti líftryggingar Leons, sem hann hafi keypt og haldið við eingöngu fyrir eigið fé. Þegar framangreind atriði eru virt svo og önnur þau

atriði, sem þykja skipta máli við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2.700.000.

Um 1 b. Krafa þessi er byggð á því, að við lát eiginmanns síns hafi orðið mikil röskun á stöðu og högum Söllu. Af hálfu stefnda hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem allt of hárrí. Mikil röskun hefur orðið á stöðu og högum Söllu við lát eiginmanns hennar. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 400.000.

Um 2 a og b. Rétt þykir að taka afstöðu til þessara kröfuliða í einu lagi. Kröfur samkvæmt þessum liðum eru byggðar á því, að við lát föður síns hafi Gréta orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda og einnig hafi hún orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Verður krafa samkvæmt þessum liðum tekin til greina í einu lagi með kr. 250.000.

Um 3 a og b. Rétt þykir að taka afstöðu til þessara kröfuliða í einu lagi. Kröfur samkvæmt þessum liðum eru byggðar á því, að við lát föður síns hafi Jóhanna orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda og einnig hafi hún orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Af hálfu stefnda er fjárhæðum þessara kröfuliða mótmælt sem of háum. Við lát föður síns hefur Jóhanna orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda, og einnig hefur hún orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Verður krafa samkvæmt þessum liðum tekin til greina með kr. 300.000.

Um 4 a og b. Rétt þykir að taka afstöðu til þessara kröfuliða í einu lagi. Kröfur samkvæmt þessum liðum eru byggðar á því, að við lát föður síns hafi Drífa orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda, og einnig hafi hún orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að Drífa eigi rétt á bótum vegna láts föður síns, því að hún hafi verið á framfæri móður sinnar að öðru leyti en því, að faðir hennar hafi greitt lögboðið meðlag. Eftir lát föður síns eigi Drífa rétt á að fá meðlag þetta greitt frá Tryggingastofnun ríkisins. Leon var framfærsluskyldur gagnvart Drífu skv. 6. gr. laga nr. 87/1947. Þykir hún því hafa orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda og vegna röskunar á stöðu og högum. Verður krafa samkvæmt þessum lið tekin til greina með kr. 300.000.

Um 5. Krafa samkvæmt þessum lið er byggð á því, að við lát föður síns hafi Sævar Þór orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að Sævar Þór eigi rétt á bótum samkvæmt þessum lið, enda verði bætur fyrir

ó fjárhagslegt tjón vegna missis framfæranda ekki dæmdar aðiljum, sem náð hafa 18 ára aldri. Telja verður, að þótt Sævar Þór hafi verið kominn yfir 16 ára aldur, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1947, þá hafi hann beðið tjón vegna röskunar á stöðu og högum vegna andláts föður síns. Var Sævar Þór nýorðinn 18 ára, er faðir hans lést. Þykir hann eiga rétt á bótum úr hendi stefnda fyrir þetta tjón. Verður krafa samkvæmt þessum lið tekin til greina með kr. 125.000.

Um 6—8. Kröfuliðir þessir hafa ekki sætt tölulegum andmælum. Þykir rétt að taka afstöðu til þeirra við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður stefndi dæmdur til að greiða framangreindar fjárhæðir með vöxtum eins og hér segir: Söllu Sigmarsdóttur kr. 3.100.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Söllu Sigmarsdóttur f. h. Grétu Carlsson kr. 250.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Söllu Sigmarsdóttur f. h. Jóhönnu Carlsson kr. 300.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur kr. 300.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Sævari Carlsson kr. 125.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað þannig: Söllu Sigmarsdóttur persónulega og f. h. Grétu og Jóhönnu Carlsson, samtals kr. 420.000, Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur kr. 45.000 og Sævari Carlsson kr. 25.000. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til kröfuliða 6—8 í kröfugerð og annars útlagðs kostnaðar á síðara stigi málsins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann beri takmarkaða ábyrgð á tjóni stefnenda samkvæmt IX. kafla siglingalaga. Af hálfu stefnenda hefur þessu verið mótmælt. Telja verður, að stefndi beri takmarkaða ábyrgð á kröfum þeim, sem hafðar eru uppi í máli þessu skv. 2. tl. 205. gr. siglingalaga nr. 66/1963, sbr. 206. gr. sömu laga. Samkvæmt yfirlýsingu Siglingamálastofnunar

rikisins var lestatala m/s Gísla Árna, RE 275, skv. 206. gr. siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns 231.84 lestir árið 1970, en 271.66 lestir árið 1974, eftir að skipið hafði verið lengt á árinu 1973. Samkvæmt yfirlýsingu Seðlabanka Íslands jafngildir einn „Poincaré franki“ 13.2359 krónum samkvæmt skráðu miðgengi íslenskrar krónu gagnvart dollar í dag. Eru því dæmdar fjárhæðir samkvæmt niðurstöðu dóms þessa innan þeirra marka, sem ákvæði 206. gr. siglingalaga setja ábyrgð á stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að kröfur stefnenda njóti sjóveðréttar í m/s Gísla Árna. Telja verður, að kröfur stefnenda njóti sjóveðréttar í m/s Gísla Árna, RE 375, samkvæmt ákvæði 4. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963, og verður krafa um viðurkenningu sjóveðréttar því tekin til greina.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Andrésí Guðjónssyni vélstjóra.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Söllu Sigmarsdóttur kr. 3.100.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Söllu Sigmarsdóttur f. h. Grétu Carlsson kr. 250.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Söllu Sigmarsdóttur f. h. Jóhönnu Carlsson kr. 300.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur kr. 300.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Sævari Þór Carlsson kr. 125.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði málskostnað þannig: Söllu Sigmarsdóttur persónulega og f. h. Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson

óskipt kr. 420.000, Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur kr. 45.000 og Sævari Carlsson kr. 25.000.

Eiga stefnendur sjóveðrétt í m/s Gísla Árna, RE 375, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. júlí 1977.

Nr. 43/1974. **Franco Bonaretti**  
 (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)  
 gegn  
**Útvegsbanka Íslands**  
 (Bogi Ingimarsson hrl.)  
 og  
**Loffleiðum h/f**  
 (Gunnar Helgason hdl.)  
 og  
**Loffleiðir h/f**  
 gegn  
**Franco Bonaretti.**

Innheimta banka. Loffflutningar. Flugfarmbréf.  
 Skaðabótamál. Sératkvæði í héraði.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. mars 1974. Krefst hann þess, að stefndi og gagnáfrýjandi verði óskipt dæmdir til að greiða honum 1.987.230 ítalskar lírir með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1967 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum